



## SÓTTVARNALÆKNIR OG ALMANNAVARNADEILD RLS

---

### Til foreldra/forráðamanna

Heimsfaraldur influensu A(H1N1)v sem ríður yfir um þessar mundir er tiltölulega vægur og skapar því ekki forsendur fyrir skorðum við skólahaldi. Skólastarf á að geta hafist með eðlilegum hætti næstu daga og vikur þrátt fyrir heimsfaraldur influensunnar. En seinna þegar faraldurinn er í hámarki getur þurft að taka afstöðu til þess hvort tilteknir skólar geti haldið áfram starfi vegna mikilla fjarvista nemanda og/eða kennara.

Skólastjórnendur vinna í samvinnu við menntamálaráðuneyti að samræmdri viðbragðsáætlun vegna influensufaraldurs sem stuðlar að samræmdum aðgerðum skóla um allt land.

Vakin skal athygli á því að í síbreytilegum faraldri kunna að koma aðstæður þar sem endurmeta þarf aðgerðir.

Aðgerðir um þessar mundir miða að því að halda skólastarfsemi gangandi og draga úr smithættu.

Helstu leiðir til að draga úr smiti:

- Veikist nemandi þannig að einkennin bendi til influensu, er honum ráðlagt að halda sig heima í sjö daga frá upphafi veikinda.
- Ekki er þörf á því að aðrir sem eru einkennalausir á heimili sjúklings haldi sig heima.
- Hreinlæti skiptir mestu máli í að draga úr smithættu. Þar ber fyrst að nefna handþvott og að fólk hafi á sér einnota pappírspurrkur til að hnerra eða hósta í.
- Frekari upplýsingar er að finna á heimasíðu sóttvarnalæknis og almannavarnadeildar ríkislögreglustjóra á [www.influensa.is](http://www.influensa.is)

Seltjarnarnesi, 14. ágúst 2009

Sóttvarnalæknir  
Ríkislögreglustjóri, almannavarnadeild